



Velferðarráð Kópavogsbæjar
Björg Baldursdóttir, formaður

Kópavogur, 18.11.24
Málsnúmer 2401489/PK

Varðar: Endurskoðun á reglum Kópavogsbæjar um fjárhagsaðstoð

Sviðsstjóri velferðarsviðs samþykkti á vormánuðum 2024 að starfsmenn á skrifstofu ráðgjafar á velferðarsviði Kópavogsbæjar ásamt Auði Kolbrá Birgisdóttur, lögfræðingi velferðarsviðs og síðar Karitas Eik Sandholt, lögfræðingi velferðarsviðs færu í að endurskoða reglur um fjárhagsaðstoð í Kópavogsbæ. Minnisblað þess efnis var lagt fyrir velferðarráð þann 18. júní 2024 til kynningar. Tilgangur og markmið þess að endurskoða reglurnar eru meðal annars það að inntak reglnanna endurspegli skilvirkari stjórnsýslu, auki gagnsæi auk þess að einfalda framkvæmd og beitingu þeirra.

Forsaga

Reglur um fjárhagsaðstoð voru settar samkvæmt 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og samþykktar í bæjarráði 30. desember 2003 með síðari breytingum. Samkvæmt 32. gr. í núgildandi reglum um fjárhagsaðstoð tekur grunnupphæð fjárhagsaðstoðar mið af neysluvísitölu og skal breytt 1. janúar ár hvert í samræmi við hana.

Megintillögur að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð hjá Kópavogsbæ snúa meðal annars að eftirfarandi þáttum:

Að uppbygging reglnanna verði í samræmi við leiðbeiningar Félags- og tryggingamálaráðuneytið frá desember 2009. Sem dæmi að kaflinn um málsmeðferð verði settur aftastur í reglurnar.

Að reglurnar endurspegli hugmyndafræðina og orðalag um virka þátttöku, valdeflingu og samráð við notendur sbr. 1. og 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Við endurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð eru tillögur sem fella í sér kostnaðarauka en einnig er í drögum að breytingunum tillögur um að lækka upphæðir eða fella á brott heimildir um styrk. Helstu breytingar eru eftirfarandi:

15. gr. Grunnfjárhæðir

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til umsækjanda sem dvelur á sjúkrastofnun eða í áfengis-eða vímuefnaferð er kr. 73.807,-. Þessi upphæð er í núgildandi reglum kr. 98.410.- en er það mat ráðgjafa að sú upphæð sé of há þar sem um er að ræða einstaklinga sem eru í fríu



fæði og húsnæði. Í sérstökum tilvikum verður áfram heimilt að greiða húsaleigu að hámarki í þrjá mánuði meðan inniliggjandi meðferð varir.

Aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri

Tillaga er um að hafa heimild í reglum um fjárhagsaðstoð þegar um er að ræða sérstök meðferðar- og/eða stuðningssjónarmið, fyrirbyggjandi starf á sviði farsældar barna og á grundvelli stuðningsáætlunar þar sem heimilt er að veita tekjulágum foreldrum styrk vegna áfallandi greiðslna sem nema heildarkostnaði eða hluta hans vegna daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíða, frístundaheimilis, sumardvalar, skólagjalda og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna samþykkt að ræða, sem sætir endurskoðun á þriggja mánaða fresti.

22. gr. Námsaðstoð

Tillaga um að taka út kostnað vegna bókakostnaðar þar sem ráðgjafar hafa greint frá að nánast allt námsefni sé tiltækt í rafrænu formi. Eftir stendur þá heimild til að veita styrk vegna skólagjalda að hámarki kr. 30.000,- á önn.

23. gr. Húsbúnaðarstyrkur/lán

Tillaga er um að lækka húsbúnaðarstyrk/lán úr kr. 170.000,- í kr. 150.000,- þar sem það eru breyttir tímar og fólk nýtir sér eða hefur tók á að nýta sér í meira mæli samfélagsmiðla til þess að fá gefins húsbúnað eða kaupir notað á lægra verði.

24. gr. Greiðsla sérfræðiaðstoðar

Tillaga skv. þessari gr. er að bæta inn í hana óskrifaða heimild til þess að veita fólki sem verður fyrir heimilisofbeldi styrk til greiðslu viðtala hjá meðferðaraðila.

Auk þess tekur tillagan til þess að taka út hámarksupphæð viðtala þar sem sú upphæð er ekki í takti við gjaldskrá meðferðaraðila sem gerir það að verkum að fólk sem hefur verið að fá þennan styrk hefur verið að greiða upp í gjald meðferðaraðila eða ekki nýtt sér samþykktina til þess að fara í viðtöl.

25. gr. Útfararstyrkir/lán

Nýtt í þessari grein er að heimilt verði að veita tekjulágu foreldri eða foreldrum lán eða styrk vegna útfararkostnaðar barns þess þegar dánarbúið getur ekki greitt fyrir útför barns og eignir foreldra eru ekki umfram íbúðarhúsnæði sem umsækjandi býr í og ein fjölskyldubifreið, sbr. 13. gr. reglnanna.

26. gr. Áfallaaðstoð

Lagt er til að upphæð áfallaaðstoðar lækki úr 140.000,- í kr. 100.000,- til samræmis við önnur sveitarfélög.

27. gr. Lán til fyrirframgreiðslu tryggingar vegna húsaleigusamnings

Hér er um að ræða nýja nálgun til þess að koma til móts við fólk sem er að fara á leigumarkað. Nýtt heiti gr. er; Ábyrgðaryfirlýsing vegna trygginga húsaleigu og gengur út á að hætt verði að veita lán til greiðslu tryggingar vegna húsaleigusamnings. Þess í stað verði gefin út ábyrgðaryfirlýsing til tryggingar húsaleigu að hámarki 600.000 kr. til þeirra sem eru að glíma við húsnæðisvanda, félagslega erfiðleika og eru með samantlagðar skattskyldar tekjur sem samsvara að hámarki kjarasamningsbundnum lágmarkslaunum Eflingar. Umsækjandi skal leggja fram staðfestingu á því að hann eigi ekki kost á láni frá bönkum eða öðrum lánastofnunum.



Drög að húsaleigusamningi til a.m.k. þriggja mánaða skulu liggja fyrir áður en ábyrgðaryfirlýsing er gefin út. Framvísa skal staðfestingu á því að leigusamningur hafi verið skráður í húsnæðisgrunn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, sbr. 5. gr. húsaleigulaga nr. 36/1994 og/eða afriti af þinglýstum húsaleigusamningi þegar hann liggur fyrir. Verði gengið að ábyrgðaryfirlýsingu samkvæmt reglum þessum skal greiða þá upphæð sem um ræðir samkvæmt umsókn beint til leigusala og krefja umsækjanda um greiðslu ábyrgðar. Heimilt er að breyta kröfu um endurgreiðslu umsækjanda í lán. Aðstoð samkvæmt þessu ákvæði skal að hámarki veitt einu sinni á 12 mánaða tímabili.

Ef tillagan verður samþykkt þá fellur út gr. í heimildakafla reglnanna um styrk/lán til fyrirframgreiðslu á húsaleigu kr. 550.000,-

Það er mat starfsfólks að um hagræðingu sé að ræða þar sem fjármagn verður ekki greitt út til leigusala nema í þeim tilvikum sem leigutaki stendur ekki við samningsskyldur sem koma fram í húsaleigusamningi. Í þeim tilvikum er upphæð ábyrgðar breytt í lán þar sem leigutaki skuldbindur sig að greiða tilbaka til Kópavogsbæjar upphæð lánsins.

29. gr. Sérstök aðstoð vegna meðlagsgreiðslna

Tillaga um að þessi gr. falli brott þar sem ekki er lengur þörf fyrir hana og hægt að semja um greiðslur.

30. gr. Sérstök aðstoð vegna endurhæfingar

Í tillögum að breytingum á þessari gr. er talað um að heimild sé að greiða gjald fyrir umsækjanda sem dvelur á meðferðarheimili á Íslandi vegna áfengis- og vímuefna meðferðar en það er viðbót við núgildandi reglur að gerð sé krafa um að umsækjandi sé í meðferð á Íslandi. Jafnframt er tekin út hámarksfjárhæð kr. 351.000,- enda kemur síðar fram í tillögunum að hámarksaðstoð á mánuði skuli aldrei fara yfir grunnfjárhæð umsækjanda sem rekur eigið heimili.

Auk ofangreindra tillagna að breytingum er gerð tillaga um að hætta að nýta óskráða heimild til þess að veita styrk til greiðslu gistiheimilakostnaðar að upphæð kr. 60.000,-. Þessi styrkur hefur verið nýttur til þeirra sem búa við heimilisleysi en hægt er að leiðbeina þeim sem eru í þeirri stöðu að sækja um styrk/lán vegna sérstakra erfiðleika.

Það er mat undirritaðrar að þessar breytingar rúmist innan fjárheimilda þrátt fyrir að í nokkrum tilfellum sé verið að fella á brott hámarksupphæðir samkvæmt reglum og setja inn nýtt ákvæði út frá snemmtækri íhlutun í þágu farsældar barna. Á móti er verið að leggja til verulega lækkun á útgjöldum með tilkomu ábyrgðaryfirlýsingar til tryggingar húsaleigu eins og sjá má í meðfylgjandi fylgisskjali.

Með þessum tillögum er litið svo á að nýjar reglur um fjárhagsaðstoð geri stjórnsýsluna og málsmeðferð skilvirkari, þær auki gagnsæi og bæti gæði þjónustunnar.

Virðingarfyllst,

Þóra Kemp,
Skrifstofustjóri á skrifstofu ráðgjafar



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Fylgiskjöl:

Reglur um fjárhagsaðstoð febrúar 2024

Lokadrög að nýjum reglum um fjárhagsaðstoð nóvember 2024

Kostnaðarmat og tillögur með drögum að nýjum reglum um fjárhagsaðstoð nóvember 2024